

Isavia ANS ehf.
Stjórnarháttayfirlýsing
2022



ISAVIA ANS
Air Navigation Services

Stjórnarháttayfirlýsing er uppgjör stjórnar fyrir liðið starfsár og er birt á heimasíðu félagsins. Eftirfarandi stjórnarháttayfirlýsing á við um starfsemi ársins 2021 og er birt samhliða ársreikningi fyrir það ár.

Stjórnarháttayfirlýsing 2022

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti er félagið að gangast undir að fylgja *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja* sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, með það m.a. að markmiði að styrkja innviði Isavia ANS og auka gagnsæi.

Stjórnarháttayfirlýsing Isavia ANS er aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Uppbygging stjórnarháttanna

Isavia ANS er einkahlutafélag í eigu Isavia ohf.

Um starfsemi félagsins gilda lög nr. 153/2009 um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstöða og Keflavíkurflugvallar, lög nr. 102/2006 um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarrekstur Flugmálastjórnar og lög um loftferðir nr. 60/1998.

Stjórnarhættir félagsins taka mið af lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum.

Stjórn félagsins hefur í störfum sínum *Leiðbeiningar um stjórnarhætti* til hliðsjónar og uppfyllir þær í öllum meginatriðum þrátt fyrir að félaginu beri ekki að fylgja leiðbeiningunum lögum samkvæmt. Einn af þremur fulltrúum í stjórn telst háður skv. leiðbeiningunum. Einnig er ekki tilnefningarnefnd hjá félaginu, stjórn er tilnefnd af stjórn móðurfélagsins.

Engin undirnefnd stjórnar er starfandi á starfsárinu 2021, en viðfangsefni starfskjaranefndar og endurskoðendaneftandrar móðurfélagsins nær einnig til dótturfélaga þess. Sjá nánar hlutverk nefndarinnar hér í kafla „Undirnefndir stjórnar“.

Lög um félagið má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is, og samþykktir og starfsreglur á heimasíðu félagsins ans.isavia.is. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is.

Stjórn Isavia ANS

Í stjórn Isavia ANS sitja þrjú einstaklingar kjörnir á hluthafafundi til eins árs í senn. Í stjórninni sitja tvær konur og einn karlmaður. Tveir einstaklingar af þremur teljast vera óháður í skilningi *Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja*. Allir fulltrúar stjórnar hafa gefið stjórninni skýrslu um eignir sínar í öðrum félögum, og þær eignir skipta máli varðandi störf þeirra í stjórn Isavia ANS.

Störf og starfsreglur stjórnar

Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar og framkvæmdastjóra eru skilgreind. Gildandi starfsreglur voru samþykktar á stjórnarfundi þann 4. maí 2021, en þær má finna á heimasíðu félagsins. Þar er m.a. að finna skiptingu starfa innan stjórnar, reglur um hæfi einstaklinga til þátttöku í afgreiðslu mála, um fundarskög og fundargerðir, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar.

Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Meginhlutverk stjórnar er að stýra félaginu milli hluthafafunda og tryggja að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins auk þess að staðfesta rekstrar- og fjárfestingaáætlanir og sjá til þess



ISAVIA ANS
Air Navigation Services

að þeim sé fylgt. Stjórn tekur meiriháttar ákvarðanir í rekstri félagsins og sér um að félagið sé rekið í samræmi við lög og reglur sem félaginu ber að fylgja.

Þá hefur starf stjórnar það að markmiði að stuðla að viðgangi félagsins og tryggja árangur þess til langs tíma lítið með því að setja félaginu stefnu í samstarfi við stjórnendur þess.

Á starfsárinu 2021 – 2022 voru haldnir 10 stjórnarfundir. Allir fundir stjórnarinnar voru ákvörðunarþær og allir fulltrúar voru mættir á alla fundi. Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár liggur fyrir að aðalfundi loknum og skoðast hún sem fundarboð. Ítrekunarfundarboð er sent með tölvupósti. Stjórnarformaður stýrir fundum. Fundargerðir eru undirritaðar af stjórn, framkvæmdastjóra, og fundarritara. Auk stjórnar situr framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og lögfræðingur stjórnarfundum. Lögfræðingur félagsins ritar fundargerðir.

Árangursmat stjórnar

Stjórn metur störf sín með reglubundnum hætti, verklag og starfshætti, framgang félagsins, frammistöðu framkvæmdastjóra svo og skilvirkni undirnefnda séu þær starfandi. Slíkt árangursmat felur m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugi að þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara. Árangursmat stjórnar fór fram í mars 2022.

Skipan stjórnar Isavia ANS 2021 – 2022

Elín Árnadóttir, fædd 1971, stjórnarformaður frá 2020, er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1996. Elín vann hjá Íslandsbanka_FBA sem sérfræðingur á fyrirtækjasviði á árunum 2000 til 2001 og sem sérfræðingur í hagdeild Gelmer Iceland Seafood í Frakklandi frá 1998 til 1999. Elín hefur frá árinu 2001 starfað sem forstjóri og fjármálastjóri hjá forverum Isavia ohf. og tengdum félögum. Hún hefur gegnt stöðu aðstoðarforstjóra Isavia ohf. frá árinu 2013 og situr hún í stjórn Fríhafnarinnar ehf. og Þróunarfélags Keflavíkurvallar ehf.

Stefán Sigurðsson, fæddur 1972, stjórnarmaður frá 2021, er hagfræðingur frá Háskóla Íslands 1996 og með MSc. gráðu á sama sviði frá Kaupmannahafnarháskólanum árið 2006. Stefán var forstjóri Sýnar, Vodafone á Íslandi á árunum 2014-2019 og þar á undan framkvæmdastjóri eignastýringar Íslandsbanka í sex ár, frá 2008-2014, þar sem hann var sérstakur ráðgjafi bankastjóra um stefnumótun, átti sæti í framkvæmdastjórn bankans og ýmsum nefndum. Stefán er óháður stjórnarmaður.

Guðlaug Sigurðardóttir, fædd 1965, stjórnarmaður frá 2020, er verkfræðingur frá Háskóla Íslands 1989 og MBA frá Háskóla Íslands 2012. Guðlaug starfaði sem sérfræðingur hjá Verkfræðistofnun Háskóla Íslands frá 1989 til 1991, sem sérfræðingur og ráðgjafi hjá Kögun hf frá 1991 til 2008 og sem framkvæmdastjóri hugbúnaðarsviðs Stika ehf frá 2008 til 2010. Guðlaug hefur frá árinu 2012 starfað hjá Össur hf, 2012 til 2017 sem verkefnastjóri en gegnir nú stöðu vörustjóra á sviði stoðtækja. Guðlaug er óháður stjórnarmaður.

Félagið nýtir sér heimild í starfsreglum til að velja sér ritara utan hóps stjórnarmanna. Ritari stjórnar er Karl Óli Lúðvíksson, lögfræðingur Isavia ANS.

Framkvæmdastjóri Isavia ANS

Framkvæmdastjóri hefur með höndum yfirframkvæmdastjórn allrar daglegrar starfsemi skv. stefnu og fyrirmælum stjórnar. Daglegur rekstur nær ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Hann hefur ákvörðunarvald um öll rekstrar- og fjárhagsleg málefni félagsins og hefur umsjón með eignum þess. Framkvæmdastjóri gerir stjórn grein fyrir starfsemi félagsins og afkomu á stjórnarfundum og ber ábyrgð gagnvart stjórn á hinum daglega rekstri og að í öllu sé farið eftir samþykktum félagsins, lögum og reglum.

Kjartan Briem tók við sem framkvæmdastjóri í janúar 2021.

Kjartan Briem er fæddur 1970, er rafmagnsverkfræðingur MSc.EE. frá Danmarks Tekniske Universitet (DTU) með áherslu á fjarskipti. Kjartan hefur langa reynslu af alþjóðlegum samskiptum og starfaði í rúma tvo áratugi á



ISAVIA ANS
Air Navigation Services

fjarskiptamarkaðnum á Íslandi, lengst af sem stjórnandi á tæknisviði. Nú síðast starfaði hann sem framkvæmdastjóri tæknisviðs hjá Vodafone á Íslandi.

Hlítni við lög og reglur

Félagið hefur ekki gerst brotlegt við lög og reglur samkvæmt dómi á árinu 2021.

Ársreikningar félagsins

Reikningsár Isavia ANS er almanaksárið. Ársreikninga félagsins er hægt að nálgast hjá Ársreikningaskrá sem og á heimasíðu félagsins ans.isavia.is.

Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn félagsins hefur unnið eftir áhættustefnu móðurfélagsins frá 2019 og skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri, en gert er ráð fyrir að ljúka vinnu við ítarlegri greiningu og skilja enn frekar áhættur félagsins og setja upp virkt eftirlit með skilgreindum áhættum fyrir árslok 2022.

Sérstök áhættunefnd er starfandi hjá móðurfélaginu sem hefur eftirlit með helstu áhættum er snúa að fjármálum og hefur hún umboð stjórnar móðurfélagsins til að ákvarða m.a. umfang og eðli mats á áhættu og arðsemisgreininga fyrir framkvæmdir og verkefni sem haft geta marktæk áhrif á rekstur og umfang.

PricewaterhouseCoopers ehf. sér um innri endurskoðun hjá félaginu, samkvæmt samningi við móðurfélagið. Innri endurskoðun leggur mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttá með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum og styður þannig félagið við að ná markmiðum sínum. Innri endurskoðun starfar sjálfstætt og tekur ekki ákvarðanir sem tengjast daglegri starfsemi félagsins og er ráðin af stjórn móðurfélagsins.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að draga fram, skilgreina og meta áhættu innan félagsins, sem og að koma á viðeigandi stýringu til að lágmarka áhættu.

Undirnefndir

Engin undirnefnd stjórnar er starfandi á starfsárinu 2021, en viðfangsefni starfskjaranefndar og endurskoðunarnefndar móðurfélagsins nær einnig til dótturfélaga þess.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Einn hluthafi, Isavia ohf., á alla hluti félagsins og fer með hluthafavaldið. Boðun á hluthafafund er send til forstjóra móðurfélagsins. Hluthafafundir eru meginvettvangur fyrir upplýsingagjöf til hluthafans sem fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Önnur samskipti við hluthafa eru oft á frumkvæði félagsins og eru þau samskipti á forræði framkvæmdastjóra. Þann 21. október 2021 var samþykkt ný almenn eigandastefna fyrir dótturfélög Isavia ohf. sem stjórn og framkvæmdastjóri fylgja.

Siðferðisviðmið og stefna um samfélagslega ábyrgð

Isavia samstæðan er með stefnu í samfélagsábyrgð og hefur stutt UN Global Compact sáttamála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2016. Með því skuldbindur Isavia sig til þess að stefna og starfshættir séu í samræmi við tíu meginreglur Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu. Isavia styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og vinnur markvisst að þeim. Í stefnu félagsins í samfélagsábyrgð er áhersla lögð á jafnvægi milli efnahags, umhverfis og samfélags með sjálfbærni að leiðarljósi

Isavia ANS fylgir siðareglum og stefnu um samfélagslega ábyrgð Isavia ohf., sem aðgengileg er á heimasíðu félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsingin samþykkt á stjórnarfundi Isavia ANS þann 17. mars 2022.